

Mál nr. 402/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Bótaskyldur kostnaður. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 30. október 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 17. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 26. nóvember 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 3. desember 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi lent í umferðarslysi hinn 5. apríl 2023 sem farþegi í bifreið B sem bifreiðinni A var ekið aftan á. Óumdeilt er að M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Nefndin hefur í úrskurði í máli nr. 352/2024 áður fjallað um bótarétt M vegna framangreinds slyss. Niðurstaðan í því máli varð sú að viðurkenndur var bótaréttur M úr ábyrgðartryggingunni hjá V. V hafnaði að hlíta þeirri niðurstöðu. Meðal gagna í framangreindu máli var matsgerð frá lækni, dags. 5. september 2024, sem M hafði aflað. Þar komst læknirinn m.a. að þeirri niðurstöðu að fyrir hendi sé orsakasamband milli einkenna M í dag og tjónsatburðar 5. apríl 2023 og að M hafi þá orðið fyrir líkamstjóni í skilningi ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993. Kostnaður við þá matsgerð nam kr. 231.000. Hefur V ekki fallist á að greiða þann kostnað.

Í þessu máli nr. 402/2025 krefst M þess að nefndin úrskurði á þá leið að V beri að greiða framangreindan kostnað úr ábyrgðartryggingunni. Bendir M m.a. á í því sambandi að nefndin hafi þegar í máli nr. 352/2024 kveðið á um rétt M til að fá þennan kostnað greiddan sem sjúkrakostnað enda falli kostnaður við öflun matsgerðar þar undir. Þá bendir M á að í kjölfar úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 352/2024 hafi M og V staðið sameiginlega að því að óska eftir matsgerð vegna afleiðinga slyssins. Þar hafi matsmenn m.a. staðfest það sem fram komi í framangreindri matsgerð læknisins, dags. 5. september 2024, um að orsakatengsl séu á milli slyssins og einkenna M. Telur M fram að af þeim sökum sé málið nú lagt fyrir nefndin á ný með þeirri afmörkuðu kröfu sem snýr að framangreindum matskostnaði, samtals kr. 231.000. Færir M síðan ítarleg rök fyrir því að V beri að greiða umræddan kostnað úr ábyrgðartryggingunni.

Í athugasemdum V, dags. 17. nóvember 2025, er kröfu M hafnað. Telur félagið að M eigi ekki rétt á að fá hinn umþrætta kostnað greiddan úr ábyrgðartryggingu. Þessu valdi að hinnar umræddu matsgerðar hafi ekki verið aflað í samræmi við ákvæði skaðabótalaga, auk þess sem hún feli ekki í sér niðurstöðu um varanlegan miska og örorku M vegna afleiðinga slyssins, heldur taki eingöngu til mats á orsakatengslum. Því hafi uppgjör bóta á grundvelli skaðabótalaga ekki getað farið fram á grundvelli þess mats. Máli sínu til frekari stuðning bendir V m.a. á að félagið hafi hafnað að hlíta úrskurðinum í máli nr. 352/2024. Þá hafi V samþykkt að taka þátt í að óska eftir mati á afleiðingum slyssins án viðurkenningar á bótaskyldu. Auk framangreinds telur Vað vísa beri málinu frá nefndinni. Telur V að ekki sé heimild til að skjóta málinu til nefndarinnar á ný með vísan í 6. mgr. 10. gr. í samþykktum nefndarinnar, enda væri þá skýr heimild V til að hafna að hlíta niðurstöðu nefndarinnar markleysa. Ítrekar V afstöðu sína um að hafna að hlíta úrskurði nefndarinnar í máli nr. 352/2024. Telur V það liggja beinast við að vísa málinu frá þar sem ágreiningurinn eigi ekki undir starfssvið nefndarinnar eins og því er lýst í 3. gr. samþykktu nefndarinnar sbr. b-lið 4. gr. þeirra.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 26. nóvember 2025, eru m.a. fyrri rök ítrekuð og því mótmælt og sett fram ítarleg gagnrök vegna þess sem fram kemur í framangreindum athugasemdum V.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 3. desember 2025, eru fyrri athugasemdir félagsins um að vísa beri málinu frá ítrekaðar.

Álit.

Í þessu máli snýr ágreiningurinn að útlögðum matskostnaði M, samtals kr. 231.000. V hefur m.a. krafist þess að málinu verði vísað frá á grundvelli 3. gr. sbr. b-lið 4. gr. samþykktar nefndarinnar. Í 2. og 3. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar segir um starfssvið hennar: „Nefndin fjallar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og varnaraðila auk annars ágreinings sem varðar ákvæði laga um váttryggingarsamninga, nr. 30/2024, og laga um dreifingu váttrygginga, nr. 62/2019. Nefndin fjallar um ágreining varðandi fjárhæðir milli málskotsaðila og varnaraðila að fengnu samþykki varnaraðila. Neytanda er þó heimilt án samþykkis að skjóta til nefndarinnar ágreiningi um fjárhæðir vegna váttryggingarsamnings milli hans og varnaraðila, enda nemi ágreiningur að lágmarki kr. 25.000 og að hámarki kr. 5.000.000.“

Eins og komið hefur fram komst nefndin að þeirri niðurstöðu í máli nr. 352/2024 að M ætti bótarétt úr ábyrgðatryggingu hjá V vegna afleiðinga slyssins 5. apríl 2023. Í niðurlagi þess úrskurðar segir m.a.: „Þegar öll þessi gögn eru vegin saman við sönnunarmatið telst M hafa sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í skilningi 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og meiri líkur en minni séu á því að það tjón geti verið varanlegt. M telst því eiga rétt til bóta úr ábyrgðatryggingu ökutækisins X hjá V og í því felst að hún á rétt til greiðslu þess sjúkrakostnaðar skv. 1. gr. fyrrgreindra skaðabótalaga sem hlýst af öflun matsgerðar á öllum afleiðingum líkamstjónsins.“

Í úrskurði í máli nr. 352/2024 tók nefndin skýra afstöðu til bótaréttar M, það með talið til réttarins að fá greiddan kostnað vegna öflunar matsgerða á öllum afleiðingum líkamstjónsins. Reyndar byggir M á því í málatilbúnaði sínum að sú hafi verið raunin. V hefur hafnað að hlíta þeim úrskurði. Af þessum sökum telur nefndin að M hafi ekki verið heimilt, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar, að leggja málið fyrir nefndina á ný með það fyrir augum að fá sérgreindara svar en það sem þegar er að finna í framangreindum úrskurði. Því telur nefndin að vísa beri málinu frá nefndinni samkvæmt b-lið 4. sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktar nefndarinnar.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 18. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir